

Fundur um kvennaframboð

Í sumar og haust hafa nokkrar konur átt með sér umræðufundi um möguleika og nauðsyn sérstaks kvennaframboðs til næstu borgarstjórnarkosninga í Reykjavík. Til kynningar á þeim hugmyndum sem þar hafa verið ræddar og til að kanna raunverulegan áhuga á slíku framboði boða nú þessar konur til almenns fundar að Hótel Borg laugardaginn 14. nóvember kl. 14.00.

Þar staðreyndir sem við blasa þegar farið er að athuga áhrif kvenna á íslensk stjórnámál og atvinnulíf sýna mjög eindregið, að konur eru svo til valda- og áhrifalaugar í samfélaginu. Á alþingi sitja 3 konur á móti 57 körlum, í ríkisstjórn er engin kona, aðeins 6% sveitarstjórnarmanna eru konur (eða 71 kona á móti 1076 körlum). Í miðstjórn Alþýðusambands Íslands eru aðeins 2 konur og í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands er engin kona. Þetta er staðreynd, þrátt fyrir það að konur séu meirihluti þjóðarinnar og um helmingur félaga í verkalýðshreyfingunni.

Allir stjórnámálaflokkar á Íslandi eru byggðir upp og þeim stjórnað af fámennum hópi karla, svokölluðum flokkseigendafélögum. Konur fá þar ekki að koma nær en körlum hentar. Reynsluheimur kvenna, sem er að mörgu leyti mjög frábrugðinn reynsluheimi karla, á ekki upp á pallborðið hjá stjórnámálaflokkunum. Málefni sem konur varða eru að vísu stundum á stefnuskrá flokkanna, en þegar að framkvæmdum kemur eru þau látin sitja á hakanum. Til að firra sig þeim áburði að konur séu útilokaðar frá pólitískri ákvarðanatækt haga flokkseigendafélögin því gjarnan þannig, að þau hleypa konum að nefndum og ráðum eftir ákveðnum kvóta, þannig að völd þeirra og áhrif verði ekki of mikil. Einnig kemur það fyrir að konur eru settar á framboðslista sem agra til að veiða á atkvæði. Eins og málum er háttað virðist það því vonlítið að konur geti aukið vald sitt og athafnasvið í íslenskum stjórnámálum með því að fara hina hefðbundnu leið flokkakerfisins.

Það er mikill misskilningur sem fram hefur komið að með kvennaframboði sé unnið að því einu að koma konum í sem flestar valdastöður. Það sem mestu máli skiptir er að sjónarmið kvenna fái að koma fram og að meira tillit verði tekið til málefna sem sérstaklega varða þær og reynslu þeirra. Eigi það að verða þurfa konur að taka málin í sínar hendur.

Á fundinum á laugardaginn flytja ræður þar Kristín Ástgeirsdóttir blaðamaður, Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Ásgerður Jónsdóttir kennari. Flutt verður tónlist og konur lesa eigin ljóð. Fundarstjórnar eru Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Helga Sigurjónsdóttir. Að loknum framsöguræðum er gert ráð fyrir umræðum og fyrirspurnum fundarmanna verður svarað. Aðgangseyrir er kr. 10.00.